

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna U-beygju við Listabraut þegar ekið er norður Kringlumýrarbraut.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B30.21 U-beygja bönnuð, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að banna stöðu ökutækja við Ægisgarð, frá Suðurbugt að bryggjuenda.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B22.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
Undanþegin stöðubanni eru ökutæki skipapjónustu Faxaflóahafna sf.;
3. að banna stöðu ökutækja við austurkant Suðurgötu frá Kirkjugarðsstíg að Skothúsvegi.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B22.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
4. að settar verði gangbrautamerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerkingar og notkun þeirra, á Arnarbakka í beygju NV Breiðholtsskóla;
5. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Óðinsgötu 32,
Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.22 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
6. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Þangbakka 8.
Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.22 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 2. júní 2017,

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.